

## Skólanefndarfundur 6. desember 2017.

|                     |  |                    |              |
|---------------------|--|--------------------|--------------|
| <b>Fundaritari:</b> | Steinn Jóhannsson  | <b>Dagsetning:</b> | 6. des. 2017 |
| <b>Tilefni:</b>     | Fyrsti fundur nýrrar skólanefndar á skólaárinu 2017-2018   |                    |              |
| <b>Mættir:</b>      | Lárus H. Bjarnason, Steinn Jóhannsson, Halldóra Björt Ewen, Stefan Christian Otte, Halla Sigrún Arnardóttir, Hildur Sverrisdóttir, Karl Sigurðsson, Margrét M. Norðdahl, Ragnar Guðmundsson og Unnur Lilja Hermannsdóttir. |                    |              |

## Umræðuefni

1. Meðlimir í skólanefnd kynntu sig.
2. Farið yfir ýmsar upplýsingar er varða skólastarfið í MH.
  - Kynnt var starfsemi MH fyrir nýrri skólanefnd. M.a. var yfir námsframboðið, sérstöðu skólans, tölfræði um nemendur og starfsfólk. Spurningar og umræða um styttingu námstíma til stúdentsprófs. MH með „bólgnara“ stúdentspróf en aðrir skólar og aðeins MR með fleiri einingar.
  - Reksturinn í jafnvægi og skólinn aldrei verið í mínus.
  - Fulltrúi foreldra vakti athygli á því að við skólann starfar sálfræðingur í 75% starfi. Samkvæmt rektor er komin góð reynsla af starfi sálfræðingsins og gert ráð fyrir áframhaldandi ráðningu.
  - Persónuverndarlöggjöfin sem á eftir að innleiða mun hafa áhrif á starfsemina og skólinn þarf að ráða persónuverndarfulltrúa. Ekki ljóst á þessu stigi hversu mikil vinna verður í kringum innleiðinguna fyrir skólann.
3. Kjör formanns.
  - Lögum samkvæmt velur nefndin sér formann ttil eins árs í senn. Skipaðir fulltrúar sem eru fimm talsins (tilnefndir af Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Reykjavíkurborg) voru beðnir um af rektor að gefa sig fram. Karl Sigurðsson lagði til að kona myndi gegna formannshlutverkinu og tillagan samþykkt samróma. Unnur Lilja Hermannsdóttir samþykkti að taka að sér hlutverk formanns.
4. Starfshættir skólanefndar.
  - Rektor fór yfir hlutverk skólanefndar með hljóðsjón af lögum um framhaldsskóla. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 þá segir í **5. gr. Skólanefndir**. „Ráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningum sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kys sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.“  
Í máli rektors kom fram að eitt af hlutverkum skólanefndarinnar er að vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál. Fyrirkomulagið hefur verið útfært þannig að um almennar ráðningar upplýsir rektor nefndina í upphafi hvers skólaárs en hvað varðar lykilstjórnunarstöður þá fær nefndin val um að segja sína skoðun og skoða gögn. Nefndin þarf að ákveða verklag sem hæfir þessu hlutverki. Það verður rætt betur á næsta fundi.



Menntaskólinn við Hamrahlíð

þarf að skoða að birtar allar fundargerðir nefndarinnar á vef skólans.

Í máli rektors kom fram að hlutverk skólanefndar er fremur víðtækt.

Nefndin þarf að setja sér starfsreglur og ákveða fundartíma. Hefð fyrir miðvikudögum síðdegis á tveggja mánaðar fresti. Samþykkt að næsti fundur yrði kl. 16:30 síðasta miðvikudag í janúar.

Hlutverk varamanna: eru aðeins boðaðir þegar um lögmæt forföll er að ræða. Rektor mun boða varamenn á fundi komi til forfalla aðalmanna.

## 5. Önnur mál.

- Skólasjóður

Val á fulltrúa í stjórn skólasjóðs: Rektor kynnti hlutverk sjóðsins (4. gr. skipulagsskrár sjóðsins) sem felur í sér að stuðla að umbótum í skólastarfi, styðja við félagsstarf nemenda og starfsmanna eða stuðla að öðru sem stjórn sjóðsins telur nemendum, starfsfólki og skólastarfi til hagsbóta.

Tekjur skólasjóðs eru af vanskilagjaldi nemenda. Vanskilagjald er kr. 1500- og rennur það í sjóðinn greiði nemendur skráningargjald eftir eindaga. Fulltrúi skólanefndar er í stjórn skólasjóðs og hefur forseti nemendafélagsins gengt þessu hlutverki. Samþykkt einróma að engin breyting yrði þar á. Þrjár umsóknir liggja fyrir í skólasjóð sem þarf að afgreiða. Dæmi um umsóknir eru t.d. styrkur vegna nýnemaferðar, styrkur vegna kórferða, vegna keppna á vegum skólans, o.fl.

Fundi slitið kl. 17:57.